



EINING 4: VIÐBÚNAÐUR VIÐ HAMFÖRUM Í SKÓLUM OG ÖRUGGT NÁMSUMHVERFI

ÞÁLFUNARLOTA 19: Að tryggja öryggi í menntastofnunum

Höfundur: NGO NFE4Y/ VETREADY Project Partnership

Verkefnisnúmer: 2024-1-ES01-KA220-VET-000257287



Co-funded by
the European Union

Þetta verkefni er styrkt af Evrópusambandinu. Þær skoðanir og þau viðhorf sem koma hér fram eru þó eingöngu á ábyrgð höfunda og endurspegla ekki endilega sjónarmið Evrópusambandsins eða Servicio Español para la Internacionalización de la Educación (SEPIE). Hvorki Evrópusambandið né styrkveitendur bera ábyrgð á innihaldi verkefnisins.



Markmið þjálfunarlotunnar

Almennt markmið: Að veita nemendum þekkingu og hagnýtar aðferðir til að skapa, viðhalda og efla öruggt og hamfarapolið námsumhverfi, með það að markmiði að tryggja vernd og velferð allra meðlima skólasamfélagsins

Lengd þjálfunareiningar: 2,6 kennslustundir

Matsaðferð: Fjölvalspróf að lokinni þjálfunareiningu

Markhópar: Nemendur í starfsnámi (VET), Nemendur í símenntun (CVET), Nemendur af erlendum uppruna, Kennarar og leiðbeinendur í VET og CVET

Viðurkenning fyrir nemendur:

Skírteini um lokið nám (óformlegt fræðslunámskeið)

Viðurkenning fyrir kennara:

Skírteini um faglega hæfnipróun

Markviss þverfagleg ESCO-hæfni í flokki [T](#): T3.1 – Að vinna á skilvirkan hátt

Markmið þjálfunarlotunnar

Þekking

1. **Þekkja** helstu þætti skilvirkrar öryggis- og hamfarastjórnaráætlunar skóla.
2. **Skilja** mikilvægi tímastjórnunar, forgangsriðunar verkefna og teymisvinnu við undirbúning og viðbrögð í neyðarástandi.
3. **Lýsa** hlutverkum stofnana, ábyrgð og samskiptaleiðum sem tryggja skilvirka samhæfingu í hamfara tilvikum.

Færni

1. **Beita** skilvirkum vinnu- og skipulagsaðferðum við undirbúning eða viðbrögð vegna neyðarástands í skólum
2. **Starfa** á árangursríkan hátt með starfsfólki og nemendum við innleiðingu öryggisferla og æfinga
3. **Aðlaga** sig breyttum eða streituvaldandi aðstæðum og á sama tíma einbeita sér að öryggis verkefnum og viðhalda ábyrgð.

Þessi færni tengist beint þverfaglegri ESCO-hæfni **T3.1 – Að vinna á skilvirkan hátt**, sem felur í sér hæfni til að:

- Stjórna tíma, úrræðum og verkefnum á árangursríkan hátt til að ná settum markmiðum;
- Forgangsraða og skipuleggja vinnu til að bregðast skilvirkt við áskorunum;
- Viðhalda einbeitingu og framleiðni undir álagi.

Inngangur: Hvað felst í að tryggja öryggi í menntastofnunum

Skólar og þjálfunarmiðstöðvar eru meira en einungis staðir til náms — þau eru samfélög þar sem öryggi, traust og viðbúnaður skipta sköpum. Hamfarir, hvort sem þær eru af náttúrulegum eða manngerðum toga, geta raskað þessu umhverfi og stefnt nemendum, kennurum og starfsfólki í hættu.

Í þessari einingu er fjallað um **hvernig menntastofnanir geta undirbúið sig fyrir, brugðist við og jafnað sig eftir neyðarástand á skilvirkan hátt**, þannig að tryggt sé að allir nemendur og starfsfólk séu örugg og njóti stuðnings.

Með því að öðlast skilning á **öryggis áætlanagerð, samhæfingu, og teymisvinnu**, munu þátttakendur læra að:

- skapa öruggt og öflugt og öruggt námsumhverfi,
- bregðast skilvirkt og af yfirvegun við í krísu aðstæðum, og
- efla menningu viðbúnaðar og ábyrgðar innan stofnana sinna.

Lykil hugtök og hugtakanotkun

- **Öryggi í skólum:** Allar þær ráðstafanir og aðgerðir sem gripið er til til að vernda nemendur, kennara og starfsfólk gegn hættu innan og í kringum skólaumhverfið.
- **Hamfaraviðbúnaður:** Ferlið við að skipuleggja og samræma úrræði, aðgerðir og þjálfun til að bregðast á skilvirkan hátt við neyðarástandi áður en það skapast.
- **Neyðarviðbragðsáætlan (Emergency response plans, ERP):** Skref-fyrir-skref leiðbeiningar sem skilgreina hvað skuli gera, hver ber ábyrgð á hverju og hvernig samskiptum er háttað við neyðarástand eða hamfarir í skólum.
- **Áhættumat:** Ferlið við að greina mögulegar hættur í skólaumhverfinu og meta hversu líklegt er að þær komi upp og hversu alvarleg áhrif þeirra gætu orðið.
- **Rýmingaráætlun:** Skýrt skilgreind aðferð til að færa fólk á öruggan hátt út úr hættusvæði, svo sem kennslustofu eða skólabyggingu, við neyðarástand.

Skilningur á mikilvægi

- Árið 2024 eitt og sér urðu flóð, óveður, skógareldar og miklir hitabylgjur til þess að yfir **413,000 manns urðu fyrir áhrifum viðsvegar um Evrópu.**
- Samkvæmt nýlegri Eurobarometer könnun telja nær **tveir þriðju borgara ESB sig vera illa undirbúna** fyrir neyðarástand og óska eftir meiri upplýsingum um áhættu og hvernig eigi að bregðast við.
- Margar skólabyggingar í Evrópu eru komnar til ára sinna og uppfylla hugsanlega ekki núverandi kröfur um hamfarapól, til dæmis á jarðskjálftasvæðum, flóðahættu svæðum eða hvað varðar brunavarnir.
- Skólar og VET - þjálfunarmiðstöðvar eru **lykilstoðir í samfélaginu** — þar dvelja stórir hópar daglega og eru þær oft nýttar sem **neyðarskýli** í krísuaðstæðum.
- Að lokum veitir þessi eining nemendum og kennurum færni til að starfa, **skilvirkt, af yfirvegum og af ábyrgð** — og umbreyta VET og CVET stofnunum í örugg vel undirbúin og sálrænt styðjandi námsumhverfi.

Hvers vegna þessi þjálfunarlota skiptir máli

- Neyðarástand bíður ekki eftir „réttu tímanum“ — það getur komið upp í kennslustund, verklegri æfingu eða á venjulegum þjálfunardegi.
- Skyndilegt brunaviðvörðunarkerfi, slasaður nemandi, rafmagnsleysi eða flóð í næsta nágrenni getur breytt venjulegum degi í aðstæður sem einkennast af óvissu og ótta.
- Á slíkum stundum skipta yfirvegaðir, skilvirkir og vel undirbúnir kennarar öllu máli.
- Að vita hvað á að gera — og vera reiðubúin til að bregðast hratt við — verndar ekki aðeins líf, heldur einnig traust, öryggistilfinningu og sjálfstraust sem allir nemendur þurfa til að ná árangri.
- Fyrir marga í starfsnámi, sérstaklega þá sem snúa aftur til náms eða eru að byggja upp nýja hæfni, er námsumhverfið staður vonar og tilheygingar.
- Að halda rýminu öruggu, aðgengilegu og hamfarapólnu tryggir að nám geti haldið áfram, óháð þeim áskorunum sem upp kunna að koma.
- Með því að læra að halda skipulagi, miðla upplýsingum skýrt og vinna skilvirkt undir álagi, stuðlum við að því að hver þjálfunarmiðstöð verði öruggur staður til náms, vaxtar og gagnkvæms stuðnings.

Náttúruhamfarir í tengslum við öryggi í menntastofnunum Samhengi

- Náttúruhamfarir á borð við **flóð, skógarelda, jarðskjálfta og óveður** geta raskað kennslu, þjálfun og daglegum rekstri **menntastofnana** verulega.
- Slíkir atburðir geta valdið skemmdum á **húsnæði, búnaði og innviðum** og sett nemendur og starfsfólk í hættu.
- Skilvirkur **viðbúnaður og góð samhæfing** gera stofnunum kleift að bregðast hratt við og tryggja öryggi í krísuaðstæðum.
- Með því að flétta **hamfara vitund og skipulagningu viðnáms** inn í daglegt starf er tryggt að menntun geti haldið áfram, jafnvel við krefjandi aðstæður.

Snjóstormur og mikill kuldi

Af hverju þessi tegund vár skiptir máli?

- Getur raskað samgöngum, hitun og aðgengi að starfsnáms- og þjálfunarmiðstöðvum.
- Eykur hættu á ofkælingu, kali og skemmdum á húsnæði.
- Rafmagnsleysi hefur áhrif á lýsingu, hitun og samfellu í námi og kennslu.

Hvers vegna er mikilvægt að bregðast hratt við?

- Skjót viðbrögð tryggja hlýju og öryggi allra sem dvelja í húsnæðinu.
- Draga úr slysaþættu vegna hálku eða frosinna lagna.
- Tryggja áframhaldandi samskipti og virkjun neyðaráætlana.



Figure 1. *Snowstorm Safety Outside a VET Center.*
(AI-generated by Y.Luhanskyi via ChatGPT)

Snjóstormur og mikill kukldi

Hvað skal gera

- **Halda sig innandyra** og tryggja örugga notkun hitakerfa
- **Hreinsa snjó og klaka af inngöngum og neyðarútgöngum.**
- **Athuga einangrun, hitakerfi og rafmagnstengingar.**
- **Klæðast hlýjum fötum í lögum.**
- **Upplýsa tímanlega um lokanir eða tafir á starfsemi.**
- **Tryggja aðgengi að teppum og skyndihjálparbúnaði.**

Hvað skal ekki gera

- **Ferðast** nema ef brýn nauðsyn sé til.
- **Nota óörugga** hitagjafa.
- **Loka fyrir** ofna, loftræstirásir eða útgönguleiðir
- **Hunsa** frostbit eða einkenni ofkælingar.
- **Leyfa** nemendum að bíða úti eftir samgöngum.

Eldur

Af hverju þessi tegund vár skiptir máli

- Eldar geta kviknað vegna rafmagnsbilana, í rannsóknarstofum eða verkstæðum í starfsnámsmiðstöðvum.
- Reykur og eitraðar lofttegundir breiðast oft hraðar út en sjálfar logarnir.
- Í þjálfunarumhverfi eru gjarnan eldfim efni og búnaður sem eykur hættu á eldsvoða.
- Brunaæfingar eru nauðsynlegar til að tryggja yfirvegaða og skilvirka rýmingu.

Hvers vegna er mikilvægt að bregðast hratt við?

- Lítilldur getur breiðst út á örfáum mínútum.
- Snemmbær greining og brunaviðvörðun bjargar mannlífum.
- Skjót notkun slökkvitækja getur komið í veg fyrir umfangsmiklar skemmdir.



Figure 2. *Fire in a school building.*
(AI-generated by Y.Luhanskyi via ChatGPT)

Eldur

Hvað skal gera

- **Virka brunabjöllur** strax.
- **Rýma bygginguna rólega** í gegnum merktar útgönguleiðir.
- **Nota slökkvitæki** einungis ef þú hefur þjálfun og það er öruggt.
- **Loka hurðum** fyrir aftan þig til þess að hægja á útbreiðslu eldsins.
- **Safnast saman** á fyrirfram skilgreindum samkomustað.
- Tilkynna strax um **týnda einstaklinga eða meiðsli**

Hvað skal ekki gera

- Opna heitar hurðir — eldur gæti verið hinum megin við þær.
- Nota lyftur og hlaupa.
- Stoppa til að sækja eigur
- fara aftur inn í bygginguna fyrr en heimild liggur fyrir.
- Hindra ganga eða stigaganga

Flóð

Af hverju þessi tegund vár skiptir máli

- Mikil rigning eða yfirflæði áa getur valdið flóðum í láglægum skólabyggingum og þjálfunarmiðstöðvum.
- Vatnsskemmdir raska búnaði, gögnum og áætlunum um kennslu og þjálfun.
- Hætta á raflosti og mengun er veruleg við flóð.
- Snemmbær viðvörðun og örugg rýming skipta sköpum..

Hvers vegna er mikilvægt að bregðast hratt við?

- Hækkandi vatnsstaða getur lokað fólk inni í byggingum.
- Skjót viðbrögð koma í veg fyrir raflost eða drukknun.
- Tímanleg vernd mikilvægra gagna og búnaðar dregur úr tjóni.



Figure 3. Flooded school corridor.
(AI-generated by Y.Luhanskyi via ChatGPT)

Flóð

Hvað skal gera

- Færa sig strax á hærri hæðir eða yfir á öruggt svæði.
- Slökkva á rafmagni og gasi, ef það er öruggt að gera svo.
- Fylgja opinberum rýmingarleiðum og leiðbeiningum
- Forðast að ganga í gegnum vatn á hreyfingu.
- Fylgjast með upplýsingum í útvarpi eða í gegnum opinberar viðvaranir
- Aðstoða viðkvæma nemendur eða starfsfólk.

Hvað skal ekki gera

- Fara inn í flóðafyllta kjallara
- Snerta rafmagnstæki með blautum höndum.
- Aka eða ganga í gegnum flóðvatn.
- Hunsar opinberar viðvaranir.
- Snúa aftur fyrr en svæðið hefur verið lýst öruggt.

Staldraðu við og veltu fyrir þér

Ígrundunar dæmi: Þegar hamfarir skella á

Það er venjulegur þjálfunardagur í **VET miðstöðinni þinni**.

Skyndilega fer að rigna mikið. Innan klukkustundar er skólalóðin komin á kaf og vatn fer að leka inn í verkstæði á jarðhæð. Nemendur fara að örvænta — sumir reyna að hlaupa út, á meðan aðrir standa ráðalausir og ringlaðir. Rafmagnið flöktir og þú heyrir einhvern kalla að útgönguhliðið sé lokað vegna flóðs.

"Hvað myndir þú gera við þessar aðstæður?"

Staldræðu við og veltu fyrir þér

Ráðlagðar Aðgerðir: Skilvirk viðbrögð við neyðarástandi vegna flóða

Af hverju sumar ákvarðanir geta verið óöruggar eða árangurslausar

- **Að hlaupa út** án þess að kanna vatnsstöðu getur leitt til meiðsla eða drukknunar — flóðavatn getur falið í sér beitta hluti, opin niðurföll eða rafmagnshættu.
- **Ofsakvíði eða það að hrópa misvísandi fyrirmæli** eykur ringulreið og seinkar öruggri rýmingu.
- **Að hundsá neyðaráætlanir stofnunarinnar** leiðir til ósamræmdra aðgerða sem setja alla í meiri hættu.

What action reflects best practice

- **Halda sig innandyrna og færa sig á hærri svæði eða efri hæðir** ef útgönguleiðir eru lokaðar.
- **Slökkva á rafmagni og gasi**, ef það er öruggt að gera svo.
- **Ganga úr skugga um að allir nemendur og samstarfsfólk séu til staðar** áður en haldið er áfram.
- **Miðla upplýsingum á rólegan og skýran hátt** með stuttum og öruggum fyrirmælum.
- **Tilkynna neyðarþjónustu um staðsetningu hópsins** og bíða eftir björgun eða heimild til rýmingar.

Tæknilegir / Iðnaðartengdir atburðir í tengslum við öryggi í menntastofnunum Samhengi

- Tæknileg og iðnaðartengd neyðaratvik geta komið upp skyndilega og án fyrirvara, oft vegna bilunar í búnaði, mannlegra mistaka eða frávika í meðhöndlun hættulegra efna.
- Í samhengi menntastofnana og starfsnámsmiðstöðva geta slík atvik raskað námi, ógnað öryggi og kallað á skjót og samhæfð viðbrögð.
- Með því að skilja þessa áhættu og undirbúa sig fyrir hana geta starfsnámsmiðstöðvar aukið viðnámsþrótt sinn, verndað mannlíf og tryggt samfelli í menntun, jafnvel við krefjandi aðstæður.

Sprengingar á rannsóknarstofum eða verkstæðum

Af hverju þessi tegund vár skiptir máli

- Rannsóknarstofur og verkstæði í starfsnámi nota oft eldfimar lofttegundir, þrýstibúnað og rokgjörn efni.
- Smávægileg mistök geta valdið alvarlegum slysum.
- Skortur á þjálfun eða öryggiseftirliti eykur áhættu.

Af hverju að bregðast hratt við?

- Sprengingar geta valdið tafarlausum meiðslum og kveikt í frekari eldsvoðum.
- Skjót rýming og skyndihjálp draga úr fjölda slasaðra.
- Tímanleg tilkynning kemur í veg fyrir að ástandið versni.



Figure 4. *Research in the laboratory.*
(AI-generated by Y.Luhanskyi via ChatGPT)

Sprengingar á rannsóknarstofum eða verkstæðum

Hvað skal gera

- Kveikja á brunabjöllum og rýma rólega.
- **Aðstoða slasaða einstaklinga** við að komast í öruggt skjól, ef mögulegt er.
- **Fylgja fyrirfram skilgreindum neyðarleiðum.**
- **Tilkynna neyðarþjónustu strax.**
- **Tryggja að slökkt sé á gasi og rafmagni**, ef þú hefur þjálfun til þess.
- **Bíða eftir staðfestingu um að óhætt sé að snúa aftur inn í húsnæðið.**

Hvað skal ekki gera

- Nota lyftur eða hlaupa.
- Reyna slökkva stóra elda.
- Færa slasaða einstaklinga að óþörfu.
- Loka fyrir neyðarútganga.
- Dreifa óstaðfestum upplýsingum.

Rafmagnsbilanir og spennusveiflur

Af hverju þessi tegund vár skiptir máli

- VET miðstöðvar reiða sig á vélar, tölvur og rafræn kerfi sem geta ofhitnað eða orðið fyrir skammhlaupi.
- Rafmagnsbilanir raska kenngslu og geta valdið eldsvoða eða skemmdum á búnaði.
- Lélegar raflagnir eða ofhleðsla auka áhættu, sérstaklega í eldri byggingum.

Af hverju að bregðast hratt við?

- Skjót viðbrögð koma í veg fyrir raflost eða rafmagnselda.
- Tímanleg lokun kerfa verndar viðkvæman búnað og gögn.
- Öruggetur heimt rafmagns dregur úr truflun á námi og starfsemi.



Figure 5. Headlights and emergency lights.
(AI-generated by Y.Luhanskyi via ChatGPT)

Rafmagnsbilanir og spennusveiflur

Hvað skal gera

- Slökkva á aðalrofum rafmagns, ef það er öruggt að gera svo.
- Taka viðkvæm tæki úr sambandi til að koma í veg fyrir skemmdir.
- Nota vasaljós en ekki kerti við rafmagnsleysi.
- Fylgja rafmagns öryggisreglum í rannsóknarstofum og verkstæðum
- Tilkynna bilanir til viðhalds starfsfólks.
- Ganga úr skugga um að neyðarlýsing virki sem skyldi.

Hvað skal ekki gera

- Snerta blautan rafbúnað.
- ofhlaða innstungur eða nota skemmdar snúrur.
- Ekki örvænta við rafmagnsleysi — gefa skal fyrirmæli með rólegum og skýrum hætti.
- Reyna að gera við rafmagnsbilanir án viðeigandi þjálfunar.
- Hindra aðgang að rafmagnstöflum eða útgönguleiðum.

Efnaslys og eiturefnaleki

Af hverju þessi tegund vár skiptir máli

- VET miðstöðvar geyma oft hreinsiefni, rannsóknarefni eða efni sem notuð eru í verkstæðum og geta valdið skaða ef þau leka eða hellast niður.
- Efnaleki getur losað eitraðar lofttegundir eða ætandi efni sem ógna heilsu og öryggi.
- Óviðeigandi meðhöndlun eða geymsla eykur hættu á efnasmiti.
- Vitund og þjálfun draga úr slysum og tryggja skjót viðbrögð.

Af hverju að bregðast hratt við?

- Eitraðar gufur breiðast hratt út og geta valdið öndunarerfiðleikum.
- Tafarlaus rýming takmarkar útsetningu
- Skjót tilkynning gerir þjálfuðu starfsfólki kleift að einangra svæðið á öruggan hátt.



Figure 6. Emergency in the laboratory.
(AI-generated by Y.Luhanskyi via ChatGPT)

Efnaslys og eiturefnaleki

Hvað skal gera

- **Rýma svæðið tafarlaust** ef eittraðar gufur greinast
- **Láta neyðarþjónustu vita** og fylgja neyðarferlum stofnunarinnar.
- **Loka gluggum og hurðum** til að einangra lekann.
- **Nota hlífðarbúnað** ef hann er tiltækur og þú hefur þjálfun til þess.
- **Aðstoða þá sem eru með öndunarörðuleika** við að komast á öruggt svæði
- **Tilkynna atvikið** til húsnæðis- eða rekstrarstjórnunar.

Hvað skal ekki gera

- Snerta eða reyna að hreinsa upp óþekkt efni.
- Nota viftur eða loftkælingu— þær geta dreift gufum.
- Fara aftur inn á svæðið fyrr en yfirvöld hafa lýst því öruggu.
- Hunsu minni leka; tilkynna skal öll tilvik.
- borða eða drekka nálægt menguðum svæðum.

Staldráðu við og veltu fyrir þér

Íhugunardæmi: Óvæntur efnaleki

- Í kennslustund um efnaprófanir veltist ílát með hreinsileysi óvart og lekur út á vinnubekkinn.
- Sterk lykt fyllir rýmið. Nokkrir nemendur fara að hósta, á meðan aðrir eru óöruggir um hvort þeir eigi að opna glugga eða yfirgefa rannsóknarstofuna.
- Þú ert ábyrg/ur fyrir kennslustundinni.
- Þú tekur eftir því að lekinn breiðist hratt út í átt að rafmagnsinnstungum og að einn nemandi er að teygja sig í pappírspurrkur til að þurrka upp efnið.
- **Hvað er það fyrsta sem þú myndir gera við þessar aðstæður?**
- **Hvaða skref gætu komið í veg fyrir ótta og frekari hættu?**

Staldraðu við og veltu fyrir þér

Ráðlagðar Aðgerðir: að bregðast við eiturefnaleka á öruggan hátt.

Af hverju sumar ákvarðanir geta verið óöruggar eða árangurslausar

- **Að þurrka upp lekann með pappírspurrkum** dreifir menguninni og eykur hættu á útsetningu.
- **Að opna glugga strax** getur dreift eitruðum gufum um rýmið í gegnum loftræstikerfi.
- **Að hunsa lyktina eða tefja viðbrögð** getur valdið heilsufarslegum áhrifum svo sem svima eða brunasárum.
- **Að reyna að hreinsa upp án hlífðarbúnaðar** setur einstaklinga í hættu vegna skaðlegra efna

What action reflects best practice

- **Láta alla í rýminu vita**, halda ró sinni og færa sig frá lekasvæðinu.
- **Rýma svæðið** ef gufur eru sterkar eða efnið óþekkt..
- **Slökkva á rafmagnsbúnaði sem er nálægt**, ef það er öruggt að gera það.
- **Loka gluggum og hurðum** til að einangra mengaða svæðið.
- **Hafa samband við neyðarþjónustu eða öryggisstarfsfólk** og veita skýrar upplýsingar um atvikið.
- **Ekki snúa aftur inn á svæðið** þangað til að sérfræðingar hafa staðfest að það sé öruggt.

Líffræðileg / heilsutengt neyðarástand í tengslum við öryggi í menntastofnunum

Samhengi

- Líffræðileg og heilsutengd neyðarástand felur í sér atvik sem **ógn** heilsu, öryggi og samfellu í námi innan menntastofnana og VET miðstöðva.
- Slík atvik geta stafað af útbreiðslu **smitsjúkdóma**, **menguðu umhverfi** eða **fjöldaheilbrigðisneyðarástandi** sem raskar eðlilegri starfsemi.
- Með því að skilja hvernig bregðast skuli **skilvirkt við**, **fylgja heilbrigðisreglum** og **styðja aðra** í slíkum aðstæðum er byggð upp menning **öryggis**, **ábyrgðar** og **umhyggju** — sem eru lykilþættir í hamfaraviðbúnaði í menntun.

Útbreiðsla smitsjúkdóms

Af hverju þessi tegund vár skiptir máli

- Smitsjúkdómar geta breiðst hratt út í fjölmönnum kennslustofum og verkstæðum.
- Þeir raska samfellu í námi og ógna heilsu nemenda og kennara.
- Óheft smit getur leitt til lokunar skóla og útbreiðslu smits í samfélaginu.
- Hreinlæti og skýr samskiptaferli eru lykilatriði í að hemja útbreiðslu.

Af hverju að bregðast hratt við?

- Snemmbær einangrun kemur í veg fyrir víðtæka útbreiðslu smits.
- Skjót og skýr upplýsingagjöf dregur úr ofsakvíða og rangfærslum.
- Tímanleg þrif og loftræsting minnka hættu á útsetningu.



Figure 7. *Help at the educational institution.*
(AI-generated by Y.Luhanskyi via ChatGPT)

Útbreiðsla smitsjúkdóms

Hvað skal gera

- Tilkynna stjórnendum og heilbrigðisyfirvöldum strax.
- Hvetja til handhreinsunar og notkunar gríma þar sem það á við.
- Tryggja góða loftræstingu í kennslustofum og rannsóknarstofum.
- Einangra einstaklinga með einkenni á virðingarfullan hátt.
- Skipta yfir í blandað eða fjarnám ef þörf krefur.
- Þrifa og sótthreinsa yfirborð daglega.

Hvað skal ekki gera

- Hunsar væg einkenni eða mæta í kennslu meðan þú ert veik/ur.
- Dreifa óstaðfestum upplýsingum.
- Mismuna smituðum einstaklingum.
- Vanrækja stuðning við andlega heilsu.
- Tefja tilkynningu til yfirvalda

Matareitrunarfaraldur

Hvers vegna þessi tegund vár skiptir máli

- Margar menntastofnanir eru með mötuneyti eða sameiginleg eldhús þar sem mengun getur átt sér stað.
- Óörugg meðhöndlun matvæla getur dreift sýklum á borð við *Salmonella* eða *E. coli*.
- Veikindi geta breiðst hratt út meðal nemenda og starfsfólks.

Af hverju að bregðast hratt við

- Snemmbær greining á menguðum mat kemur í veg fyrir frekari smit.
- Skjót læknisfræðileg viðbrögð draga úr heilsufarslegum fylgikvillum.
- Tímanleg tilkynning tryggir viðeigandi eftirlit og forvarnir.



Figure 8. Food safety inspection in the cafeteria.
(AI-generated by Y.Luhanskyi via ChatGPT)

Matareitrunarfardur

Hvað skal gera

- Tilkynna grun um matareitrun til heilbrigðisyfirvalda.
- Einangra þá sem verða veikir og tryggja að þeir fái viðeigandi lækniaðstoð.
- Stöðva matvælaþjónustu tafarlaust þar til öryggi hefur verið staðfest.
- Þrifa og sótthreinsa öll yfirborð og áhöld.
- Athuga hitastig við geymslu matvæla og merkimiða.
- Fræða starfsfólk um hreinlætis- og öryggisreglur.

Hvað skal ekki gera

- Halda áfram matvælaþjónustu án þess að eftirlit hafi farið fram.
- Fela veikindi eða tefja tilkynningu um þau
- Neyta afganga úr grunnsamlegum matarskömmtum
- Kenna einstaklingum um; frekar leggja áherslu á forvarnir og úrbætur.
- Hunsu minni faraldra — bregðast skal strax við.

Loftmengun innanhúss

Hvers vegna þessi tegund vár skiptir máli

- Léleg loftræsting eða vatnsleki getur leitt til myglumyndunar í kennslustofum eða rannsóknarstofum.
- Útsetning fyrir myglu getur valdið öndunarerfiðleikum og ofnæmisviðbrögðum.
- Mygla hefur neikvæð áhrif á mætingu, einbeitingu og líðan nemenda og starfsfólks.

Af hverju að bregðast hratt við

- Mygla breiðist hratt út við rakar aðstæður.
- Skjót hreinsun og viðgerðir koma í veg fyrir skemmdir á húsnæði.
- Tímanleg tilkynning verndar heilsu nemenda og starfsfólks



Figure 9. Air quality testing.
(AI-generated by Y.Luhanskyi via ChatGPT)

Loftmengun innanhúss

Hvað skal gera

- Skoða reglulega hvort um leka eða raka sé að ræða.
- Tilkynna strax um myglulykt eða sýnileg merki um myglu.
- Auka loftræstingu og loftflæði.
- Hreinsa menguð svæði með viðeigandi hlífðarbúnaði..
- Leita til sérfræðinga ef um umfangsmikla myglumengun er að ræða.
- Fræða starfsfólk um forvarnir og rétta viðbragðahegðun.

Hvað skal ekki gera

- Hunsa litla bletti, þar sem þeir geta stækkað hratt.
- Mála yfir myglu.
- Hreinsa myglu án viðeigandi hlífðarbúnaðar, svo sem hanska og grímu.
- Loka eða hindra loftræstikerfi.
- Sleppa reglubundnu viðhaldi og eftirliti.

Staldræðu við og veltu fyrir þér

Ígrundunardæmi: Skyndileg Veikindi í Kennslustund

- Þú ert í miðri þjálfunarlotu á **VET miðstöðinni þinni**. Einn nemandi byrjar að hósta mikið, verður föllur í framan og segist finna fyrir svima. Nokkrir samnemendur virðast óöruggir, einn stígur taugaveiklaður til baka, annar byrjar að taka atvikið upp á símann sinn. Þú manst að undanfarna viku hefur orðið aukning í staðbundnum tilfellum influensu og matareitrunar.
- Innan örfárra augnablika fer kvíði að breiðast út um kennslustofuna..
- **"Hvað myndir þú gera við þessar aðstæður?"**

Staldraðu við og veltu fyrir þér

Ráðlagðar Aðgerðir: Viðbrögð við skyndilegum veikindum í kennslustund

Af hverju sumar ákvarðanir geta verið óöruggar eða árangurslausar

- **Að safnast saman í kringum veikan einstakling** getur aukið líkurnar á smithættu eða valdið vanlíðan.
- **Að leyfa myndatöku eða bortingu á samfélagsmiðlum** brýtur gegn friðhelgi einkalífs og stuðlar að rangfærslum
- **Að hundska einkenni eða bíða of lengi** seinkar nauðsynlegri læknaðstoð og getur sett aðra í lífshættu.
- **Ofsakvíði eða það að gefa óstaðfestar ráðleggingar** skapar ringulreið og ótta.

What action reflects best practice

- **Róa nemandann** og leiða hann í einangrað og afmarkað svæði á yfirvegaðan hátt.
- **Láta heilbrigðisstarfsfólk eða neyðarþjónustu vita** tafarlaust.
- **Halda öðrum nemendum kyrrum og rólegum** og útskýra aðstæður stuttlega og skýrt.
- **Sóttgreinsa sameiginlega snertifleti** eftir að viðkomandi fer.
- **Skrá atvikið** í samræmi við verklagsreglur stofnunarinnar

Inspiring Actions and Role Models

Explorisk38 – Gamifying Risk Awareness in France

Overview:

Explorisk38 is an **interactive digital platform** developed in **Isère, France**, that teaches school learners about **natural hazards** (floods, landslides, storms) through **game-based learning**. It allows students to explore a **virtual map** of Isère (including schools, rivers, mountain trails, urban zones) and **witness hazard scenarios unfolding in real time** (floods, landslides, storms, etc.). Players interact with characters, assess risk factors, and make decisions to mitigate dangers. Quizzes, videos, and knowledge prompts reinforce learning as they go.

Why It's Inspiring:

- Turns **disaster education into an engaging adventure**, improving retention and awareness.
- Uses **local geography** to make learning relevant and relatable.
- Built through **collaboration** between the Isère Prefecture, Rectorate of Grenoble, and risk-education partners.
- Encourages teachers and learners to **connect digital training with real-world preparedness**.

Link to the story: <https://www.preventionweb.net/drr-community-voices/gamifying-risk-awareness-how-french-region-teaching-disaster-preparedness>

Til frekari skoðunar

- **UNDRR – Words into Action: Disaster Education Strategy.** A practical guide developed by the UN Office for Disaster Risk Reduction, offering frameworks and tools to integrate disaster preparedness into education and training. <https://www.undrr.org/publications/words-into-action>
- **EU Civil Protection Mechanism – Reports & Guidance.** Official EU documentation on prevention, preparedness, and coordinated emergency response across member states — ideal for understanding the European policy context. https://civil-protection-humanitarian-aid.ec.europa.eu/what/civil-protection_en
- **IFRC (Red Cross / Red Crescent) – Comprehensive School Safety Framework.** A globally recognized framework outlining how schools and training centers can assess risk, plan responses, and ensure student safety before, during, and after disasters. <https://www.ifrc.org/document/comprehensive-school-safety-framework-2022-2030>
- **“Crash Course: Natural Disasters” – YouTube Educational Series.** Short, engaging video lessons that explain key disaster types (earthquakes, floods, wildfires) and human responses — excellent for classroom discussion or self-learning. <https://www.youtube.com/@crashcourse>

Heimildir sem notaðar voru við gerð lotunnar

- Civil Protection and Humanitarian Aid Operations. (2025). *European disaster risk management: Civil protection overview*. European Commission. https://civil-protection-humanitarian-aid.ec.europa.eu/what/civil-protection_en
- Cittadinanzattiva. (2024, November 25). *Promoting societal resilience at school: Raise students' awareness of risk prevention*. Project ENGAGE. <https://www.project-engage.eu/promoting-societal-resilience-at-school-raise-students-awareness-of-risk-prevention>
- European Agency for Safety and Health at Work. (2024). *Dangerous substances and chemical safety in workplaces*. EU-OSHA. <https://osha.europa.eu/en/themes/dangerous-substances>
- European Commission. (2025). *Preparedness Union Strategy: Preventing and responding to emerging threats and crises*. https://civil-protection-humanitarian-aid.ec.europa.eu/news-stories/news/eu-preparedness-union-strategy-prevent-and-react-emerging-threats-and-crises-2025-03-26_en
- European Environment Agency. (2024). *Climate impacts and adaptation in Europe 2024: Key findings*. EEA Report No. 1/2024. <https://www.eea.europa.eu/publications/climate-impacts-and-adaptation-2024>
- Hazards Center, University of Colorado Boulder. (2024). *The role of children in creating culturally sensitive disaster management*. <https://hazards.colorado.edu/news/research-counts/the-role-of-children-in-creating-culturally-sensitive-disaster-management>

Heimildir sem notaðar voru við gerð lotunnar

- International Federation of Red Cross and Red Crescent Societies. (2022). *Comprehensive school safety framework 2022–2030*. IFRC. <https://www.ifrc.org/document/comprehensive-school-safety-framework-2022-2030>
- JATerror Project. (2024). *Role of community preparedness and engagement in risk and crisis communication*. <https://www.jaterror.eu/wp-content/uploads/2024/11/7.3-Role-of-community-preparedness-and-engagement-in-risk-and-crisis-communication.pdf>
- PreventionWeb / UN Office for Disaster Risk Reduction. (2024, March 25). *Gamifying risk awareness: How a French region is teaching disaster preparedness (Explorisk38)*. <https://www.preventionweb.net/drr-community-voices/gamifying-risk-awareness-how-french-region-teaching-disaster-preparedness>
- Red Cross EU Office. (2023). *School disaster preparedness and safety education resources*. <https://redcross.eu/>
- ScienceDirect. (2025). *The all-of-society approach to disaster resilience: European perspectives*. <https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S2212420925001694>
- United Nations Office for Disaster Risk Reduction. (2017). *Words into action: Guidelines for disaster risk reduction education*. UNDRR. <https://www.undrr.org/publication/words-action-guidelines-disaster-risk-reduction-education>

Heimildir sem notaðar voru við gerð lotunnar

Myndaskrá:

- *Air quality testing.* (AI-generated by Y. Luhanskyi via ChatGPT).
https://chatgpt.com/s/m_68e80b9b702481918322899986c1d52d
- *Emergency in the laboratory.* (AI-generated by Y. Luhanskyi via ChatGPT).
https://chatgpt.com/s/m_68e6c6ff6c308191a82c5c0492691453
- *Fire in a school building.* (AI-generated by Y. Luhanskyi via ChatGPT).
https://chatgpt.com/s/m_68e6bdb3d9d88191bd33b1a9e8fb0859
- *Flooded school corridor.* (AI-generated by Y. Luhanskyi via ChatGPT).
https://chatgpt.com/s/m_68e6bf2dbd98819180e0d758d9b1b659
- *Food safety inspection in the cafeteria.* (AI-generated by Y. Luhanskyi via ChatGPT).
https://chatgpt.com/s/m_68e80a5ab7788191b42d1003959af4a5
- *Headlights and emergency lights.* (AI-generated by Y. Luhanskyi via ChatGPT).
https://chatgpt.com/s/m_68e6c554186c8191a61d9cfdbb91d9ce
- *Help at the educational institution.* (AI-generated by Y. Luhanskyi via ChatGPT).
https://chatgpt.com/s/m_68e80910e91081919b28284ce521fe8f
- *Research in the laboratory.* (AI-generated by Y. Luhanskyi via ChatGPT).
https://chatgpt.com/s/m_68e6c37c35708191ab9729b855ed8e4e
- *Snowstorm safety outside a VET center.* (AI-generated by Y. Luhanskyi via ChatGPT).
https://chatgpt.com/s/m_68e6bb704764819193076647cc16d8e2

SAMSTARFSAÐILAR



<https://ied.eu/>



<https://denizli.afad.gov.tr/>



<https://neotalentway.com/>



<https://www.eva93.lv/>



<https://ngo-nfe4y.com.ua/en>



<https://vonhope.is/>

Hafðu gaman af VET-READY náminu
Eining 4: Viðbúnaður við hamförum í skólum og öruggt
námsumhverfi
Þjálfunarlota 19: Að tryggja öryggi í menntastofnunum!

Fylgdu okkur



<https://vetready.eu/>